

HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA *komudagur 6.12.2004*

Alþingi samgöngunefnd
b.t. Stefáns Árna Auðólfssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 3. desember 2004
0411007HA BLB
Tilv.:613

Efni: Tillaga til þingsályktunar um strandsiglingar

Á fundi stjórnar Hafnasambands sveitarfélaga í dag var m.a. lagt fram bréf samgöngunefndar Alþingis dags. 8. nóvember 2004, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar, 161. mál, uppbygging.

Gerð var eftirfarandi bókun um málið:

„Stjórn Hafnasambands sveitarfélaga telur að framkomin þingsályktunartillaga um strandsiglingar sé jákvæð og að efni hennar falli að hugmyndum hafnasambandsins og nauðsynlegt að strandsiglingar verði teknar til frekari umfjöllunar. Mikilvægt er að hugað verði vel að öllum þáttum málsins svo sem þjónustustigi flutninga við landsbyggðina, öryggismálum, mengunarmálum og kostnaði við mismunandi tegund flutninga.

Á Hafnasambandsþingi, sem haldið var í Reykjavík dagana 28. og 29. október s.l. var m.a. samþykkt að fela stjórn hafnasambandsins að beina því til samgönguráðuneytis að skipuð verði starfsnefnd til að móta heildstæða flutningastefnu fyrir Ísland. Flutningastefna þessi verði meðal annarra þátta grundvöllur að og hluti af endurskoðaðri samgönguáætlun fyrir landið.“

Virðingarfyllt
HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA

Birgir L. Blöndal

Birgir L. Blöndal
deildarstjóri